

# Fundargerð 69. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2022, miðvikudaginn 30. nóvember kl. 15:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Baldur Smári Einarsson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson og Heimir Örn Árnason.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir mætti ekki á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fiskeldissjóður 2021-2025 - 2211001SU

Boð á samráðsfund með stjórn Fiskeldissjóðs vegna endurskoðun úthlutunarreglna.

*Formaður greindi frá boði á samráðsfund með stjórn Fiskeldissjóðs vegna endurskoðunar á úthlutunarreglum sjóðsins.*

*Starfsmaður mun áframsenda fundarboð á stjórn samtakanna þegar það berst.*

### 2. Sjávarútvegshæðunarmál matvælaráðuneytis 2022 - 2211002SU

Formaður greinir frá vinnu nefndarinnar.

*Formaður greindi frá vinnu hópsins "Auðlindin okkar" fram til þessa en horft er til þess að umræður um málefnið hefjist eftir áramót.*

*Málin verða tekin fyrir á fundum stjórnar eftir því sem vinnu vindur fram.*

### 3. Kynningarmál Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 2211003SU

Á aðalfundi samtakanna sem haldinn var þann 12.10.2022 fór fram umræða um að kynna þurfi samtökin fyrir þeim sjávarútvegssveitarfélögum sem ekki eru nú þegar innan vébanda samtakanna. Huga þarf að því hvernig best er að ná til þeirra.

*Starfsmaður formar kynningarbréf um samtökin í samráði við formann og sendir á þau sveitarfélög sem hafa hafnir innan sinna lögsögu.*

Fundi var slitið kl. 15:40

---

Jón Björn Hákonarson

---

Baldur Smári Einarsson

---

Pórdís Sif Sigurðardóttir

---

Fannar Jónasson

---

Íris Róbertsdóttir

---

Björn Ingimarsson

---

Heimir Örn Árnason